

Hræringur 1985 - 2000

Höfundarkynning

Veldu þér spennusagnahöfund frá þessu tímabili og segðu ítarlega frá honum og verkum hans. Um spennusagnahöfunda er fjallað í 7. kafla, *Það eru líka glæpir framdir á Íslandi*.

Auðvelt er að komast að fleiri upplýsingum um þessa höfunda en bókmenntasagan segir á netinu en mundu að heimildir sem þar er að finna eru misgóðar.

- a. Rökstyddu vel val þitt á höfundi og segðu frá höfundareinkennum hans.
- b. Settu brot úr texta frá höfundi á glærur til að sýna þeim sem á hlýða og útskýrðu val þitt eða lestu upp úr einhverju verka hans.